

VEITINGASTADIR

A. Hansen Vesturgötu 4, Hf., sími 565 1693. Ópíó 11.30-22.30 alla daga. Á næstu grósum Laugavegi 20, sími 552 8410. Ópíó 11.30-14 og 18-22 v.d., 18-22 sd. og ljóskvöld.

Pínulítið Tehús

Í gær var vígt nýtt myndlistarhús í Hlaovarpanum. Það merkilega við þetta nýja hús er hversu lítið það er enda er það minnsta myndlistarhús landsins. Ragna Róbertsdóttir vígr



Þarna er hún Ragna í litla Tehúsinu. DV-mynd BG

húsið með sýningu á verkum sínum sem óll eru unnin úr tei. Þess vegna verður húsið heðan af kallað Tehús. Sýningin er unnin beint á veggi Tehússins og vann Ragna með te frá ýmsum löndum. Verkin eru ólík að lit, lögun, áferð og lykt.

Norræn frímerkjasýning



Frímerkjasöfn víða úr heiminum komu í kassavís inn á Kjarvalsstaði í vikunni. Um leið hófst stönn handa við að setja upp norrænu frímerkjasýninguna Nordia 96 sem verður opnuð í dag. Mörg fágæt og verðmæt frímerkjasöfn verða til sýnis en þetta mun vera stærsta frí-

Tveir skrýtnir karlar

— í leikritinu Einstök uppgötvun



Þarna eru þeir Zófanías Árelíus Ebeneser Schütt-Torsteinsson og Skarphéðinn Njálsson. DV-mynd BG

„Það sem er ólíkt með þessum og öðrum leikritum sem við höfum tekið fyrir hér í Möguleikhúsinu er að við byrjum að vinna þetta í svokallaðari spunavinnu. Við leggjum þá af stað með skvæðna grunnhugmynd, byrjum að spinna og fléttum svo fleiri þætti inn í verkið eftir því sem er líður. Þannig leggjum við öll jafnt í þökkjó en handritið sem slíkt varð ekki til fyrr en á miðri leið,“ segir Pétur Eggerz leikari.

Klakkir flytur tónlist

Á morgun verða tónleikar í fundarsal Norræna hússins. Það er tónlistarhúpurinn Klakki sem flyta mun frumsamda tónlist, meðal annars við ljóð eftir skáldin Niðu Björk Arnadóttur, Lindu Vilhjálmsdóttur og Sigurð Pálsson. Félagarnir í Klakka eru Nína Björk Eliasson söngkona, Aida Rahman fagottleikari, Martin Bregnhøj slagverksleikari og Hasse Poulsen gítarleikari.

Út í vorið heitir karlavartett einn. Sá mun halda tónleika í kvöld í Ásbyrgi á Laugabakka, Miðfirði. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 en á sunnudaginn klukkan 16.00 mun kvartettinn hefja söngskemmtun í samvinnu við Kaffi Krók á Sauðárkróki. Efnisskráin mótast mjög af þeirri hefð sem ríkti á meðal íslenskra karlavartetta fyrr á öldinni og hefur einkum verið sótt í sjóði Leikbræðra og M.A. kvartettsins. Kvartettinn Út í vorið var stofnaður árið 1992 og hefur haldið

Listin að elska og njóta

Peir sem vilja læra listina að elska og njóta ættu að skella sér á Hótel Örki í Hveragerði á morgun. Þar verður nefnilega námskeið um Listina að elska og njóta sem haldið var í þessum mánuði. Vegna hinnar miklu aðsóknar var þess vegna ákveðið að endurtaka leikinn.



Pau Bragi Skúlason og Anna Valdimarsdóttir vita allt um listina að elska og njóta.

Skotin í Skruggusteini

Í tilefni af árs afmæli listmunnagallerí og vinnustofur fjögurra listamanna, þeirra Auðbjargar Bergsvaldóttur, Guðbjargar Hákonardóttur, Guðnýjar Hafsteinsdóttur og Guðrúnar Benediktu Eli-áðóttur en þær kalla sig Skruggusteinir. Fleiri listamenn eru með verk þar til sýnis og sölu.



Á sunnudaginn verður haldin alþjóðleg kattasýning á vegum Kynjakattafélags og Kattarættarfélags Íslands. Sýningin verður í Reidhóli Gusts í Kópavogi og munu þrjú erlendir dómara dæma kettina. Ymsir aðilar verða með kynningar á gæsludýravörum og veitingasala verður á efri hæð. Sýningin verður opnuð kl. 10.00 og stendur til kl. 18.00.

Út í vorið



Kvartettinn skipa þeir Einar Clausen, Halldór Torason, Þorvaldur Friðriksson og Ásgeir Böðvarsson. Hjóðfæralleikarinn er Bjarni Þ. Jónatansson.

SÝNINGAR

Eden, Hveragerði. Sýning á verkum Ólafs Oddssonar stendur yfir í Landi í Eden. Sýningin er opin frá 14-18 og lýkur henni 3. nóv. Gallerí Art-Húsið, Stangarhlí 7, Rvík. Verk eftir Erlu B. Axelsdóttur, Helgu Arnadóttur, Sigrúnu Gunnarsdóttur og Margrétu Salóme. Galleríið er opið alla virka daga kl. 12-18.